

## Ungmennaráðsfundur 17.maí kl 12:00 í Leikskálum.

Mættir voru Dalrós, Júlíana og Andri

Ritari var Kristín Ómarsdóttir

- Fórum yfir fundargerðir síðasta vetrar og ræddum það sem við höfum gert á árinu.
- Farið var yfir erindið sem þau áttu á sveitarstjórafundi. Skólamaturinn hefir batnað til muna en þau óska þó en eftir því að fá salatbar.
- Ráðið telur það ósanngjarnt og óheppilegt að ekki sé í boði að sækja um unglíngavinnu í sumar í sveitarfélaginu. Þau vilja hafa val um að gera skráð sig í unglíngavinnu og haft val um að vinna á leikskóla/leikjanámskeið eða garðvinnu. Þrátt fyrir að áhugi hafi ekki verið síðastliðinn ár telja þau að það hafi breyst. Unglíngavinnan er líka lærdómsvettvangur fyrir unglínga. Sveitarfélögin í kring eins og Hella og Hvolsvöllur bjóða upp á unglíngavinnu í sumar. Þau upplífa sig mismunað á tækifærum í samanburði við vini þeirra í öðrum sveitarfélögum í kring. Börn eiga að hljóta sömu réttindi óháð búsetu.
- Sumarið var aftur rætt og vill ráðið vekja athygli á því að lítið sé um skipulagðar tómsundur í sumar fyrir unglínga og ekki séu allir í íþróttum á vegum ungmennafélagsins Kötlu. Þau vilja sjá meiri fjölbreytni í tómsundaiðju og óska eftir að félagsmiðstöðin sé opin á sumrin líka. Hugmynd kom að hægt væri að samtvinna unglíngavinnuna og félagsmiðstöðvarstarf eins og önnur bæjarfélög gera s.s. grill, leikjadagur og fleira í samstarfi við unglíngavinnu og félagsmiðstöðvarinnar Oz.
- Áhyggjur vöknudu um opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar næstkomandi haust þar sem Æskulýðs- og tómsundafulltrúi er að hætta. Ráðið vill að sveitarstjórn leggi áherslu á að bjóða upp á öflugt félagsmiðstöðvar starf í sveitarfélaginu og að opnunartímar haldist óbreyttir. Þau vilja líka hvetja sveitarstjórn að auglýsa eftir aukastarfsmanni þannig það séu tveir starfsmenn á vakt. Telja að betra væri að hafa tvo starfsmenn á vakt.
- Ráðið telur það mikilvægt að hafa rödd í sveitarfélaginu og tekið sé mark á þeim og þeirra málefnum. Áhyggjur eru yfir því að ráðið haldi ekki áfram á næsta ári vegna brotthvarfs Kristínar.
- Hvetjum sveitarstjórn að fela starfsmanni sveitarfélagsins umsjónarhlutverk með ungmennaráði svo það sé virkt.
- Ráðið þakkar fyrir samstarfið í vetur og Kristín þakkar kærlega fyrir sig og óskar þessum frábæru unglíngum velfarnaðar í framtíðinni.

Fundi slitið 13:01